

# Borgarlína

## Orðskýringar



# Orðskýringar

<b>1. lota Borgarlínunnar</b>	Innviðaupbygging frá Ártúni að Hamraborg.
<b>Algild hönnun/ Aðgengi fyrir alla</b>	Með algildri hönnun / aðgengi fyrir alla er átt við að svæði og/eða mannvirki séu hönnuð þannig að þau nýtist öllum.
<b>Akbraut</b>	Sá hluti vegar sem er ætlaður fyrir umferð ökutækja.
<b>Akrein</b>	Hver og ein af samhliða reinum sem akbraut er skipt í að endilöngu með yfirborðsmerkingum og er ætluð einfaldri röð ökutækja.
<b>Almennar leiðir</b>	Strætóleiðir sem þjóna svæði sem stofnleiðir ná ekki til.
<b>Almenn stöð</b>	Einfaldasta gerð stöðva, einfaldur brautarpallur að lengd og helstu götugögn eru léttskýli, bekkur, skilti o.þ.h.
<b>Áfangar/Lotur/Leggir</b>	Uppbyggingu hágæða samgöngukerfis er skipt upp í áfanga, lotur og leggi. Fyrsti áfangi tekur til allrar uppbyggingar innviða til 2034, sem er um 34 km að lengd. Fyrsta áfanga er skipt upp í framkvæmdalotur. 1. lotan tekur til framkvæmda frá Ártúnshöfða að Hamraborg. Fyrstu lotu er skipt upp í sex leggi.
<b>Bágapunktur</b>	Staður þar sem umferðarstraumar ökutækja, hjólréiðamanna og gangandi vegfarenda skerast og/eða koma saman.
<b>Blandaður stígur</b>	Stígur sem er ætlaður umferð gangandi, reiðhjóra, rafskúta og léttra bifhjóra í flokki I. Gangandi vegfarendur eru í forgangi.
<b>Blágrænar lausnir</b>	Aðferðafræði sem byggir á því að halda hringrás ofanvatns sem fellur á manngert yfirborð sem líkast náttúrulegu ferli þess og til að auðga líffræðilega fjölbreytni og fegrun umhverfisins.
<b>Blönduð umferð</b>	Umferð mismunandi ferðamáta á sömu akrein.
<b>Borgargata</b>	Lykilgötur í hverju hverfi. Þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta.
<b>Borgarlínan hágæða almenningssamgöngur</b>	Borgarlínan er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og er hluti af sameiginlegri framtíðarsýn og heildarhugsun þessara aðila um framtíðarþróun höfuðborgarsvæðisins.
<b>Borgarlínubraut</b>	Sá hluti göturýmis sem er ætlaður fyrir samhliða sérreinar Borgarlínunnar og aðrar almenningssamgöngur.
<b>Borgarlínuleið</b>	Stofnleið almenningssamgangna þegar innviðir fyrir Borgarlínu hafa verið byggðir upp á að minnsta kosti helmingi leiðarinnar.

<b>Borgarlínurein</b>	Sérrein fyrir Borgarlínu og aðrar almenningssamgöngur í eina átt. Tvær reinar eru ein braut.
<b>Borgarlínugata</b>	Göturými þar sem gert er ráð fyrir Borgarlínu, ásamt öðrum ferðamátum s.s. hjólastíg, gangstétt og bílaumferð.
<b>Borgartorg</b>	Torg, afmarkað með byggingum.
<b>Brautarpallur</b>	Brautarpallur er hluti af borgarlínustöð og afmarkast af mismunandi breiddum og lengdum. Hæð brautarpallsins tryggir þrepalaust aðgengi í borgarlínuvagna.
<b>Dvalarsvæði</b>	Leiksvæði og önnur svæði á lóðum íbúðarhúsa, þjónustustofnana og fyrirtækja sem sérstaklega eru hugsuð til að njóta útiveru.
<b>Farþegagrunnur</b>	Fjöldi íbúa og stærð atvinnuhúsnæðis í nágrenni almenningssamgangna, sem gefur til kynna mögulegan fjölda farþega.
<b>Gangbraut</b>	Sérstaklega merktur hluti vegar með umferðarmerki og yfirborðsmerkingum sem er ætlaður gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.
<b>Greiðfærni</b>	Þar sem uppbygging innviða miðar að því að stytta ferðatíma og að umferð komist um án tafa.
<b>Göturými eða götukassi</b>	Göturými eða götukassi er það rými sem afmarkast t.d. af lóðamörkum, húshliðum og/eða opnu landslagi. Innan þess rýmis rúmast mismunandi ferðamátar. Í frumdrögunum er hugtakið göturými notað.
<b>Götugögn</b>	Götugögn eru ýmis búnaður sem settur er upp við götur, t.d. stöðvar, ljósastaurar, ruslafötur og bekkir.
<b>Gangstétt</b>	Sá hluti göturýmis sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum. Í þessari skýrslu er átt við svæði fyrir gangandi sem liggur upp að húsvegg og/eða lóðamörkum.
<b>Gatnamót</b>	Staður þar sem tvær eða fleiri götur mætast.
<b>Göngustígur</b>	Stígur sem aðallega er ætlaður umferð gangandi vegfarenda og er merktur þannig. Í þessari skýrslu er átt við stíg, sem liggur í opnara landslagi eða er ekki upp að húsvegg og/eða lóðamörkum.
<b>Gönguþverun</b>	Þar sem gert er ráð fyrir að gangandi og hjólandi vegfarendur þveri akbraut.
<b>Hjólaleiðanet</b>	Aðalhjólaleiðir í þéttbýli sem flokkast í stofnleiðir og tengileiðir hjólreiða.
<b>Hjólastígur</b>	Stígur sem ætlaður er umferð reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I. Hann er greinilega aðskilinn frá akrein með t.d. umferðareyju eða kantsteini. Hjólastígur er með einstefnu nema að annað sé tekið fram.
<b>Hliðfærð stöð</b>	Stöð þar sem brautarpallar eru ekki til móts við hvorn annan.

<b>Innstig og útstig</b>	Hvert skipti sem farþegi fer í eða úr vagni almenningssamgangna, er kallað annars vegar innstig og hins vegar útstig.
<b>Jaðarlæg borgarlínubraut</b>	Borgarlínubrautir liggja öðru hvoru megin í göturými, sjá mynd B.11.
<b>Kantlæg borgarlínurein</b>	Borgarlínurein sem liggur á milli gangstéttar/hjólastígs og akreinar.
<b>Kjörsnið</b>	Snið borgarlínugötu sem sýnir hvernig koma má fyrir öllum ferðamátum þar sem öllum hönnunarviðmiðum er náð.
<b>Leggir Borgarlínunnar</b>	Fyrstu lotu uppbyggingar er skipt upp í sex leggi: Ártúnshöfði, Suðurlandsbraut–Hlemmur, Hlemmur–Miðborg, HÍ–BSÍ, BSÍ–Fossvogur og Kársnes.
<b>Leiðanet</b>	Heildstætt net leiða almenningssamgangna, þar með talið leiðir Borgarlínu.
<b>Lifandi jarðhæðir</b>	Ýmis þjónusta sem tengist aðlaðandi göturými.
<b>Meðalfargjald</b>	Meðalfargjald á hvert innstig. Heildarfargjaldatekjur deilt með heildarfjölda innstiga.
<b>Mótsett stöð</b>	Stöð þar sem stöðvarpallar eru andspænis hvor öðrum.
<b>Miðlæg borgarlínubraut</b>	Borgarlínubraut sem liggur í miðju göturýmis, sjá mynd B.10.
<b>Núllsýn</b>	Núllsýn snýst um að enginn einstaklingur tapi heilsu eða látist af völdum umferðarslyss. Ekki er réttlætanlegt að fórna heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins eins og til dæmis minni tafir. Þess vegna er sérstök áhersla lögð á að fyrirbyggja alvarleg slys og banaslys.
<b>Nærþjónusta</b>	Á við um opinbera grunnþjónustu og dagvöruverslun en getur auk þess náð yfir starfsemi á borð við veitingastaði, menningarhús, íþróttamiðstöðvar, gallerí eða þrífalegan smáíðnað.
<b>Randbyggð</b>	Þyrping húsa sem myndar lokaða samfellu eftir ytri jaðri göturýmis.
<b>Samgönguskipulag</b>	Heildstætt skipulag fyrir alla ferðamáta.
<b>Sérrými</b>	Rými sem er ætlað ákveðinni tegund umferðar.
<b>Sérrein</b>	Rein sem einungis er ætluð ákveðinni tegund umferðar. Í skýrslunni er átt við umferð borgarlínuvagna og annarra almenningssamgangna.
<b>Stofnbrautir gatnakerfis</b>	Aðalumferðarbrautir fyrir ökutæki í þéttbýli.
<b>Stofnleiðir hjólreiða</b>	Hjólaleiðir í þéttbýli, yfirleitt langar og samfelldar leiðir innan eða á milli sveitarfélaga og atvinnusvæða líkt og stofnbrautir gatnakerfisins.
<b>Stofnleiðir almenningssamgangna</b>	Leiðir sem eru burðarásinn í leiðaneti almenningssamgangna og mynda net milli helstu kjarna höfuðborgarsvæðisins. Geta verið bæði borgarlínuleiðir og strætóleiðir.
<b>Snið</b>	Þversnið götu, sem sýnir almenna uppbyggingu hennar.

<b>Svigrúm</b>	Nýtt hugtak við götuhönnun. Á við um afmarkað svæði þar sem hægt er að bæta inn ákveðnum atriðum eftir hentugleika til að auka gæði og upplifun af göturými, svo sem götugögnum, auknum gróðri eða breiðari gangstétt. Býður upp á sveigjanleika við hönnun götunnar.
<b>Tengileið hjólréiða</b>	Tengir stofnleiðir hjólréiða saman og stofnleiðir við almenna stígakerfið.
<b>Tengistöð</b>	Stöð þar sem tvær eða fleiri leiðir almenningssamgangna mætast. Möguleikar eru á léttri starfsemi í tengslum við stöðina.
<b>Torg</b>	Opin svæði, oft miðsvæðis. Þau eru almenningssstaðir þar sem fólk getur komið saman.
<b>Umferð</b>	Flæði ferðamáta. Sá fjöldi ökutækja, gangandi, hjólandi og annarra ferðamáta sem fer fram hjá viðmiðunarpunkti, eða um valið snið, á ákveðnu tímabili.
<b>Virkir ferðamátar</b>	Ferðamátar þar sem fólk hreyfir sig og stuðlar þannig að bættri heilsu og umhverfi.
<b>Vistvænir ferðamátar</b>	Í þessari skýrslu er átt við göngu, hjólréiðar og almenningssamgöngur.